

Alþingi
Erindi nr. P 140/964
komudagur 6.2.2012

Vegna þingskjals 361 – 307. Mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra og lögum um heilbrigðisþjónustu (sameining vistunarmatsnefnda)

Varðandi fylgiskjal, Fjármálaráðuneyti, fjárlagaskrifstofa: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra og lögum um heilbrigðisþjónustu (sameining vistunarmatsnefnda).

Vistunarmatsnefnd Heilbrigðisumdæmi Suðurlands um hjúkrunarrými fagnar frumvarpinu og telur að með því verði flækjustig minnkað bæði hvað varðar þá er sækja um vistunarmat sem og þá sem starfa með öldruðum.

Nefndin vill þó benda á að fram kemur að ekki sé alveg búið að ákveða hvernig að sameiningu skuli staðið og er talað um jafnvel 6 manna nefnd. Við teljum að fela eigi vistunarmatsnefndum um hjúkrunarrými störf vistunarmatsnefnda um dvalarrými .

Að vera með 6 manna nefnd teljum við draga úr skilvirkni og höfum áhyggjur af því að mót muni taka lengri tíma. Með því að skipta upp í tvo þriggja manna hópa sem meta teljum við að það dragi úr samfellunni. Á landsbyggðinni eru formenn nefnda oft ritarar þeirra líka og mun þá svona fyrirkomulag auka flækjustigið.

Með fyrirfram þökk

f.h. Vistunarmatsnefndar heilbrigðisumdæmi Suðurlands um hjúkrunarrými

Unnur Þormóðsdóttir

formaður